

Áreiðanleg  
heimilshjálp  
óskar eftir framtíðarstarfi

  
Verð frá 69.900,-



iRobot | Helluhrauni 22 | s: 555 2585  
www.irobot.is | www.facebook.com/irobot.is

OKKUR  
VANTAR  
ÖFLUGAN SÖLUMANN

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan sölumann í fullt starf til að selja heimilistæki og þjónusta viðskiptavinum. Rafvirkja-menntun og reynsla af sölumennsku er kostur. Við gerum kröfur um stundvísi, mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum ásamt góðri tölvu- og tungumála-kunnáttu. Góð laun og sölubónus í boði.

Umsókn og ferilskrá sendist á rafha@rafha.is fyrir 28. desember. Öllum umsóknum svarað og trúnaði heitið.

  
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
www.rafha.is

Verslunarstjóri  
óskast á Akureyri

Eymundsson leitar að kraftmiklum aðila í starf verslunarstjóra yfir verslun Eymundsson og Pennans á Akureyri.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góð þekking á verslunarrekstri
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Sjálfstæði og sveigjanleiki
- Þjónustulund og fagleg framkoma
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfssvið:

- Ábyrgð á rekstri og afkomu verslunar
- Dagleg stjórnun verslunar
- Umsjón með starfsmannamálum
- Fjárhags- og sölúaætlanagerð
- Þátttaka í gerð markaðsáætlana
- Ábyrgð á innkaupum og framsetningu vöru
- Ábyrgð á öryggismálum
- Önnur tilfallandi verkefni

Eymundsson er hin sígilda íslenska bókabúð, með verslanir um land allt. Við bjóðum upp á afbragðsgott úrval af ritföngum, bókum, tímaritum og öðru lesefni á íslensku og erlendum tungumálum.

I verslunum Eymundsson er þægilegt andrúmsloft, fjölbætt þjónusta og reynslumikið starfsfólk. Starfsmenn eru um 200 talsins.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Davíðsdóttir, Verkefnastjóri, sími 540 2000. Umsóknir sendist á gudrund@penninn.is fyrir 4. Janúar 2011.

Eymundsson.is

Eymundsson  
Bóksali frá 1872

## Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra. Leitað er að reyndum leiðtoga sem hefur áhuga á að nýta hæfileika sína í þágu mikilvægrar almannaðjónustu.

### Um starfið:

- Forstjóri OR stýrir daglegum rekstri fyrirtækisins og gætir jafnvægis milli samfélagslegra, fjárhagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.
- Forstjóri hrindir í framkvæmd stefnu fyrirtækisins og framtíðarsýn.
- Forstjóri ber ábyrgð á áætlanagerð, eftirfylgni áætlana, gæðastjórnun, fjármálastjórnun, þekkingar- og starfsmannastjórnun.
- Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmdum á vegum OR og að umgengni við auðlindir sé samkvæmt viðmiðum um sjálfbæra þróun.
- Forstjóri ber ábyrgð á samskiptum við viðskiptavinum, starfsmenn, lánastofnanir og aðra hagsmunaaðila.
- Forstjóri fer með eignarhluti OR í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Áhersluatriði í starfi forstjóra næstu misserin eru fjárhagsleg endurskipulagning og fjárhagslegt jafnvægi, stefnumótun og endurskoðun á innri ferlum og stjórnun.

Launakjör taka mið af úrskurðum kjararáðs um laun í sambærilegum störfum. Nánari upplýsingar um starfið gefur Skúli Waldorff starfsmannastjóri (sími: 516 6000, netfang: skuli.waldorff@or.is). Umsóknum skal skilað til Orkuveitu Reykjavíkur á netfangið **umsokn@or.is í síðasta lagi 4. Janúar 2011**. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Hæfnisnefnd mun meta umsækjendur með faglegu hæfnismati og gera tillögu til stjórnar OR. **Sjá nánar um ráðningarferlið á [www.or.is](http://www.or.is).**

Orkuveita Reykjavíkur er þjónustufyrirtæki sem veitir íbúum og atvinnulífi grunnþjónustu með veitu- og virkjanarekstri og tryggir öruggan aðgang að heitu og köldu vatni og rafmagni, auk fráveitu og gagnaveitu. Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyritæki þriggja sveitarfélaga á suðvesturhorni Íslands og þjónar um 200.000 notendum. Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur er að tryggja á hagkvæman og sjálfbæran hátt lífsgæði og hæfni samfélagsins.

Grunngildi OR eru virðing, hagsýni, heiðarleiki, eldmóður, traust og sveigjanleiki.

[www.or.is](http://www.or.is)

ÍSLENSKA/STÍAS/ORKA 52809 12/10



# STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Sérfræðingur	Fjármálaráðuneytið	Reykjavík	201012/052
Framhaldsskólakennari í eðlisfræði	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanesbær	201011/049
Heilsugæslulæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201012/051
Skrifstofustjóri stjórnlagabings	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/050
Aðallögfræðingur	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/049
Ræðu- og skjalalesari	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/048
Tæknifulltrúi	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/047
Nefndarritari	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/046
Starfsmaður í veitingaþjónustu	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/045
Þingverðir	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/044
Þjónustufulltrúi í móttöku	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/043
Ræðuritari	Undirbúningsn. stjórnlagabings	Reykjavík	201012/042
Lögfræðingur	Sýslumaðurinn í Reykjavík	Reykjavík	201012/041
Sérfræðingar	Umhverfisstofnun	Rvk og landið	201012/040
Lögfræðingur	Umhverfisstofnun	Rvk og landið	201012/039
Öryggisg., flutn. og sjúklingaflutn.	LSH, öryggis- og flutningsd. H	Reykjavík	201012/038
Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar	LSH, öldrunarlækningadeild B	Reykjavík	201012/037
Hjúkrunarfræðingur	LSH, næturvaktadeild	Reykjavík	201012/036
Verkefnastj., læknir, hjúkrunarfr.	LSH, barnalækningar	Reykjavík	201012/035
Starfsmaður í mótuneyti	ÁTVR	Reykjavík	201012/034
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201012/017

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar. ~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is



## VERKEFNASTJÓRI

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK AUGLÝSIR  
EFTIR VERKEFNASTJÓRA GRUNNNÁMS  
Í TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

Starfið felst í samskiptum og þjónustu við nemendur og kennara tölvunarfræðideildar, ásamt umsjón með ýmsum viðburðum á vegum deildarinnar. Verkefnastjórinn ber ábyrgð á samskiptum við nemendur í grunnnámi, en starfar einnig náið með starfsfólki deildarinnar og ýmsum stoðdeildum innan HR.

Leitað er að einstaklingi með háskólapróf, mjög góða tölvukunnáttu og samskiptahæfileika, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og hæfni til að forgangsraða, góða færni í íslensku og ensku og brennandi áhuga á að stuðla að enn betra náms-umhverfi í tæknigreinum innan HR.

Umsóknir skulu sendar á netfangið **appl@hr.is** fyrir **28. desember**, og skulu innihalda kynningarbréf, starfsferilskrá, mynd og upplýsingar um umsagnaraðila.

Nánari upplýsingar veitir Kristine Helen Falgren skrifstofustjóri (kristine@hr.is).

[www.hr.is](http://www.hr.is)

ÍSLENSKA SÍÐA IS IT'S 52/2010 12/10



## ICELANDAIR ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN TIL STARFA Í FLUGVERNDARDEILD FÉLAGSINS

### STARFSSVIÐ

- Þátttaka í mótun flugverndaráætlunar Icelandair
- Samskipti við flugafgreiðsluaðila og flugvallayfirvöld varðandi flugvernd
- Aðstoð við gerð þjálfunaráætlunar og kennsluefnis í flugvernd fyrir starfsfólk Icelandair
- Eftirlit með að flugafgreiðsla flugvéla Icelandair sé í samræmi við gildandi flugverndarreglur og útgefna staðla

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Liðsmanni með mjög góða samskipta-hæfileika sem finnst gott að vinna sem hluti af liðsheild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Lögð er áhersla á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun æskileg, sambærileg eða sérhæfð menntun kemur til greina
- Þekking á flugverndarmálum og flugrekstri eða öryggistengdri starfsemi
- Reynsla af gæðastjórnun er æskileg
- Mjög góð enskukunnátta
- Færni í ritun handbóka og verklagsreglna sem og góð tölvukunnátta

### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Ólafur Ragnar Ólafsson | Sími 5050 241 | [oro@icelandair.is](mailto:oro@icelandair.is)  
Kristín Björnsdóttir | Sími 5050 155 | [stina@icelandair.is](mailto:stina@icelandair.is)

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair: [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 30. desember 2010.





## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Laus störf í leikskólum Garðabæjar

Sjá nánar á vef Garðabæjar  
www.gardabaer.is



Fræðslu- og menningarsvið



### Sérfræðingur

Eftirlit með framleiðendum sjávarafurða

Matvælastofnun óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf frá og með 1. febrúar 2011 sem tengist eftirliti með framleiðslu sjávarafurða á aðalskrifstofu MAST á Selfossi. Starfið er tvískipt, annars vegar lýtur það að þjálfun, fræðslu og samræmi í störfum eftirlitsmanna og hins vegar að beinu eftirliti með framleiðendum sjávarafurða. Starfið mun útheimta nokkur ferðalög innanlands

Matvælastofnun mun frá 1. mars 2011 taka yfir allt eftirlit með framleiðendum sjávarafurða sem að hluta til hefur verið í höndum faggiltra skoðunarstofa.

#### Helstu verkefni:

- Skipulag og þátttaka í þjálfun og fræðslu eftirlitsmanna
- Skipulag og aðgerðir til samræmingar í störfum eftirlitsmanna
- Umsjón með úttektum vegna leyfisumsókna
- Úttektir á innra eftirliti (HACCP) hjá leyfishöfum
- Skoðanir hjá leyfishöfum, þ.e. landvinnslum, vinnslu-, frysti- og öðrum fiskiskipum
- Eftirlit með löndunaraðstöðu og aflameðferð
- Samskipti við leyfishafa
- Skýrslugerð og frágangur gagna í gagnagrunn
- Úrvinnsla gagna vegna eftirlits
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni eru falin

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði eftirlits með framleiðslu sjávarafurða byggt á HACCP aðferðafræðinni
- Þekking á HACCP, lögum og gerðum EES um matvæli og fóður
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður Örn Hansson (sigurdur.hansson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800.

Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „Sérfræðingur-Sjávarafurðir“ eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2010. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er hægt að nálgast á vefsíðu hennar, **www.mast.is**.

# Yfirmaður Upplýsingatækni



Upplýsingatækni Landsbankans er einstaklega vel mönnuð metnaðarfullu og hæfu tæknifólki. Landsbankinn leggur áherslu á að efla starfsfólk sitt og birtist það meðal annars í öfluggu menntunar- og fræðslustarfi innan Upplýsingatækni.

Laust er til umsóknar starf yfirmanns Upplýsingatækni hjá Landsbankanum.

Upplýsingatækni Landsbankans telur 114 manns og ber ábyrgð á framþróun og nýtingu Upplýsingatækni hjá Landsbankanum. Innan deildarinnar eru þrjár einingar: Hugbúnaður, Rekstur og Arkitektúr & gæðamál. Yfirmaður Upplýsingatækni ber ábyrgð á þessum einingum og framþróun þeirra. Upplýsingatækni er hluti af Þróunarsviði bankans.

Hugbúnaðarvinna er unnin samkvæmt SCRUM aðferðafræði í náinni samvinnu við Verkefnastofu bankans sem einnig er á Þróunarsviði. Hugsjónir Agile eru hafðar að leiðarljósi í allri þróunarvinnu og leggur hópurinn áherslu á að afhenda virði til annarra eininga bankans. Innan hugbúnaðar-einingarinnar eru þróuð umfangsmikil vöruhús bankans, auk þess sem ráðgjöf er veitt um nýtingu og aðlaganir á stærri kerfum.

#### Hæfniskröfur:

##### Viðkomandi þarf að vera:

- Afar fær í mannlegum samskiptum og geta leitt krefjandi mál til lykta með farsælum hætti
- Lausnamiðaður og hafa skilning á þeirri tækni sem bankinn býr yfir
- Trúaður á öguð ferli í daglegri starfsemi
- Fær um að marka starfseminni stefnu með hliðsjón af stefnumótun bankans
- Með háskólamenntun sem nýtist í starfi

##### Æskilegt er að viðkomandi hafi:

- Skilning á undirliggjandi starfsemi bankans
- Viðtæka reynslu af rekstri og þróun kerfa og nýtingu upplýsingatækni almennt
- Skilning á Agile hugmyndafræði og þeim aðferðum sem þar er beitt

Rekstur ber ábyrgð á miðlægum búnaði bankans og gagnaverum, runuvinnslum, útstöðvum og almennri notendaþjónustu. Ferli einingarinnar eru byggð á ITIL og mikil áhersla er lögð á stöðugleika og hátt þjónustustig við starfsmenn og viðskiptavini bankans.

Almenn hönnun kerfa og ferla fer fram hjá Arkitektúr & gæðamálum sem er stodeining við framleiðsludeildirnar.

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í framþróun tæknimála á Íslandi og staðið að baki fjölmörgum verkefnum á þeim vettvangi. Yfirmaður upplýsingatækni er kyndilberinn í þessum verkefnum fyrir hönd bankans og andlit hans í ýmiss konar samstarfi.

#### Helstu verkefni:

- Dagleg umsjón með starfsfólki.
- Móta stefnu og sýn deildarinnar. Tryggja að verkefnin fylgi stefnu og að unnið sé að þeim málum sem fyrir liggja.
- Þátttaka í þróunarstarfi annarra deilda bankans og ráðgjöf um nýtingu tækni.
- Þátttaka í verkefnum utan bankans sem eru þjóðfélaginu til framfara og bankanum til heilla.

#### Nánari upplýsingar veita:

Baldur G. Jónsson mannaúdsstjóri í síma 410 7904, netfang: baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Jensína Böðvarsdóttir framkvæmdarstjóri Þróunar í síma 410 7011, netfang: jensina.k.bodvarsdottir@landsbankinn.is.

Umsókn fyllist út á vef bankans [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is) merkt „Yfirmaður Upplýsingatækni“.

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember nk.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

## MEIRI AFÞREYING

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísi.



VÍSIR.IS

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)

capacent

# ÁTVR óskar eftir starfsmanni til aðstoðar í mötuneyti

Starfið felst í undirbúningi fyrir morgunkaffi, hádegismat og síðdegiskaffi ásamt frágangi.

## Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu er kostur
- Snyrtimennska
- Góð framkoma og rík þjónustulund

Vinnutími er frá kl. 9-15.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins og Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Okkar gildi eru LIPURÐ - ÞEKING - ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

## Nánari upplýsingar veitir:

Kristín Guðmundsdóttir,  
kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. janúar 2011

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

HAGVANGUR

VÍNBUÐIN  
vinbudin.is

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Fyrirtækið vill búa starfsfólki sínu skapandi og lífandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laða til sín hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.



MANNVIT

## Starfsfólk óskast

Viltu vinna við krefjandi verkefni í alþjóðlegu umhverfi á sviði iðnaðar?

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að bæta við okkur vélaverk- og tæknifræðingum á véla- og iðnaðarsviði.

### Vélaverk- eða tæknifræðingur með a.m.k. 8 ára starfsreynslu:

Leitum að einstaklingi sem hefur mikla reynslu af iðnaðarverkefnum og sér í lagi verkefnastjórnun, eftirliti og umsjón á verkstað. Hönnunarreynsla er kostur.

### Vélaverk – eða tæknifræðingur

Ekki er gerð krafa um mikla starfsreynslu en almenn reynsla úr iðnaði og Inventor þekking er kostur.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Vélaverk- eða tæknifræði  
Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að starfa í hóp  
Faglegur metnaður  
Góð íslensku- og enskukunnátta  
Færni í mannlegum samskiptum

### Við bjóðum upp á:

Framtíðarstarf  
Góðan starfsanda  
Sveigjanlegan vinnutíma  
Fjölbreytt og krefjandi verkefni  
Starfsþjálfun  
Alþjóðlegt vinnuumhverfi



### Umsóknarfrestur er til og með 28. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Mannvits, [www.mannvit.is](http://www.mannvit.is)

### Nánari upplýsingar veitir

Drífa Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, í síma 422-3338.



Mannvit verkfræðistofa er með um 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis. Fyrirtækið er leiðandi í tækniráðgjöf á Íslandi og stefnir á öflugra starfsemi á alþjóðamarkaði. Mannvit leggur áherslu á fyrsta flokks starfsumhverfi þar sem saman fer reynsla, nýsköpun, framsýni og símenntun. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, víðsýni, þekking og gleði.**



### Umsjónarmaður gæðahandbókar

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling á áhættumats- og gæðastjórnunarsvið til að ritstýra gæðahandbók stofnunarinnar. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst, en um er að ræða fullt starf í tímabundinni ráðningu á aðalskrifstofu MAST á Selfossi til og með 31. desember 2011.

### Helstu verkefni:

- Ritstjórn Focal-gæðahandbókar
- Verkstjórn innri úttekta á gæðakerfinu
- Verkstjórn umbótaverkefna í gæðakerfinu
- Innleiðing nýrra ferla og vinnulýsinga
- Viðhald gæðakerfis
- Ytri úttektir
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni eru falin

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun sem nýtis í starfi
- Reynsla æskileg af vinnu við gæðakerfi byggt á ISO 9001
- Þekking á Focal-gæðakerfi er kostur
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Samskipta- og skipulagshæfileikar
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um störfín veita Sigurborg Daðadóttir (sigurborg.dadadottir@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „Sérfræðingur-gæðahandbók“ eða með tölvupósti á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is). Umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2010. Öllum umsóknum verður svarað. Upplýsingar um Matvælastofnun má nálgast á [www.mast.is](http://www.mast.is).



### Félagsráðgjafi/Þroskaþjálfari

### Félagsþjónusta Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga

Óskar eftir að ráða félagsráðgjafa / þroskaþjálfara til starfa. Að auki er leitað að starfsmanni í afleysingar til eins árs.

### Starfssvið félagsráðgjafa/þroskaþjálfara

- Málefni fatlaðra
- Almenn félagsþjónusta og barnavernd
- Þátttaka í þróunarstarfi á sviði málefna fatlaðra

### Hæfniskröfur:

- Próf í félagsráðgjöf eða þroskaþjálfun
- Reynsla af störfum á sviði málefna fatlaðra.
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar, frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum.

### Starfssvið afleysingastöðu

- Almenn félagsþjónusta og barnavernd
- Málefni fatlaðra

### Hæfniskröfur:

- Próf í félagsráðgjöf.
- Reynsla af störfum á sviði velferðarþjónustu.
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum.

Laun eru skv. kjarasamningi Launaneðfar sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 27. desember 2010

Atvinnuumsókn samt ferilskrá má senda á netfangið [kristin@sandgerdi.is](mailto:kristin@sandgerdi.is). Frekari upplýsingar veitir Kristín Þ. Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri í síma 420-7555, netfang: [kristin@sandgerdi.is](mailto:kristin@sandgerdi.is)

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMR/EDAN

## MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU

Meiri Vísir.



Deildu Vísir með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísir á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.



**m.visir.is**  
Fáðu Vísir í símann og iPad!

**VÍSIR.IS**





**Reykjavíkurborg**  
Framkvæmda- og eignasvið.

## Verkamenn á hverfastöðvar

**Framkvæmda- og eignasvið óskar eftir að ráða verkamenn til starfa hjá hverfastöðvum sviðsins.**

### Starfssvið

Hverfastöðvar Framkvæmda- og eignasviðs sjá um daglega þjónustu um hvaðeina sem viðkemur borgarlandinu. Þar á meðal er rekstur og viðhald leiksvæða, skólalóða og opinna svæða auk þess að sjá um að ryðja snjó af stofnanalóðum og aðra finni snjóhreinsun.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Starfsmenn hverfastöðva þurfa að vera verklagnir og búa yfir þjónustulund. Einnig er æskilegt að þeir hafi almenn ökuréttindi.

Um er að ræða tímabundin störf og æskilegt er að starfsmenn geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðjóna B. Sigurðardóttir (gudjona.b.sigurdardottir@reykjavik.is) og Þorsteinn Birgisson (thorsteinn.birgisson@reykjavik.is) í síma 411-1111

Umsóknarfrestur er til 2. janúar. Umsóknir skal senda á Framkvæmda- og eignasvið Borgartúni 12-14 105 Reykjavík merkt: "Verkamenn á hverfastöðvar". Einnig má senda umsóknir með tölvupósti á mannaudsdeild.fs@reykjavik.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.**



# Vörustjóri á heildsölumarkaði

Heildsala Vodafone annast reikimál og samningagerð við innlenda og erlenda aðila sem kaupa fjarskiptabjónustu til endursölu. Í starfinu felst þróun, mótun, innleiðing og sala á fjarskiptavörum og þjónustu fyrir heildsölumarkað. Um nýtt og spennandi starf er að ræða.

### Hæfniskröfur:

- A.m.k. 3ja ára reynsla á fjarskiptamarkaðnum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af tilboðs- og samningagerð
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góðir samskiptahæfileikar
- Dugnaður, keppnisskap og frumkvæði

**Umsóknarfrestur er til og með 28. desember næstkomandi. Áhugasamir geta sótt um á [vodafone.is](http://vodafone.is). Nánari upplýsingar um starfið veita Unnur Elva Arnardóttir deildarstjóri heildsölu [unnura@vodafone.is](mailto:unnura@vodafone.is) og Sonja M. Scott starfsmannastjóri, [sonjas@vodafone.is](mailto:sonjas@vodafone.is)**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

*power to you*

# VATN – VATN – VATN

*Hjá Umhverfisstofnun eru laus til umsóknar þrjú störf sem tengjast verndun vatns. Um er að ræða ný störf hjá stofnun þar sem ríkir faglegur metnaður og þverfaglegt samstarf er haft að leiðarljósi. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um störf.*

### SÉRFRÆÐINGUR Á DEILD UMHVERFISVERNDAR

Helstu verkefni sérfræðingsins lúta að bættari vernd vatnsgæða á Ísland, m.a. með samstarfi við sveitarfélög, atvinnulíf og almenning, undirbúning stöðuskýrslu um ástand vatna auk vatnastjórnunaráætlana og aðgerðaáætlana. Sérfræðingurinn undirbýr samninga um flokkun og skilgreiningu vatna og vatnavistkerfa við fagstofnanir og eftirfylgni við þá, auk þátttöku í alþjóðlegu starfi þar að lútandi. Gerð er krafa um meistaraþróf í náttúruvísindum eða umhverfisfræðum eða sambærilega menntun. Einnig er gerð krafa um haldbæra starfsreynslu og þekkingu eða reynslu af verkefnastjórnun og/eða samningagerð. Þekking á umhverfismálum er forsenda ráðningar.

Næsti yfirmaður sérfræðinganna er Kristján Geirsson deildarstjóri, sem veitir nánari upplýsingar um störfina ásamt Gunnlaugu Einarsdóttur sviðsstjóra í síma 591 2000.

### AUK TILGREINDRA KRAFNA FYRIR STÖRFIN, VERÐA EFTIRFARANDI KRÖFUR UM ÞEKkingu, REYNSLU OG HÆFNI HAFÐAR TIL VIÐMIÐUNAR:

- » Skipulagshæfileikar og markviss vinnubrögð
- » Þekking á opinberri stjórnsýslu
- » Kunnátta í íslensku og ensku og þekking á Norðurlandamáli
- » Hæfni í framsetningu upplýsinga á skrifuðu og töluðu máli
- » Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

### SÉRFRÆÐINGUR Á DEILD UMHVERFISVERNDAR

Helstu verkefni sérfræðingsins lúta að úrvinnslu gagna um gæði vatnshlota og vatns á Íslandi og álag á vatn. Sérfræðingurinn vinnur náið með fagstofnunum, sveitarfélögum og atvinnulífi og nýtir niðurstöðurnar til greininga á ástandi vatna og vatnavistkerfa á Íslandi og vöktun þeirra, auk þátttöku í alþjóðlegu starfi þar að lútandi. Gerð er krafa um meistaraþróf í náttúruvísindum eða umhverfisfræðum eða sambærilega menntun auk starfsreynslu. Þekking á umhverfismálum er forsenda ráðningar. Þekking og reynsla á landfræðilegum upplýsingakerfum er kostur.

**Æskilegt er að starfsmennirnir geti hafið störf sem fyrst.**

**Gert er ráð fyrir að gagnkvæmur reynslutími sé sex mánuðir við ráðningu.**

**Laun eru samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélag.**



## UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri – Egilsstaðir – Ísafjörður – Mývatn  
Reykjavík – Snæfellsnes – Vestmannaeyjar

### LÖGFRÆÐINGUR Á SVIÐI LAGA OG STJÓRNSÝSLU

Helstu verkefni lögfræðingsins verða undirbúningur reglugerða um stjórn vatnamála, undirbúningur samninga, greining á löggjöf Evrópusambandsins á sviði vatnsverndar og annarrar umhverfisverndar og almenn lögfræði- og stjórnsýsluverkefni á verkswiði stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að almenn lögfræði- og stjórnsýsluverkefni verði hlutfallslega umfangsmeiri að loknum helstu áföngum í innleiðingu vatnatilskipunarinnar.

Gerð er krafa um kandiðsþróf eða meistaraþróf í lögfræði ásamt þekkingu á stjórnsýslurétti. Þekking á umhverfisrétti er kostur.

Næsti yfirmaður lögfræðingsins er Sigrún Ágústsdot-  
tir sviðsstjóri, sem veitir nánari upplýsingar um starfið ásamt Sigrúnu Valgarðsdóttur starfsmannastjóra í síma 591 2000.

### STAÐSETNING STARFANNA GETUR VERIÐ Á EFTIRFARANDI STÖÐUM

Reykjavík, Hellissandi, Ísafirði, Akureyri, Mývatni, Egilsstöðum eða Vestmannaeyjum.

Umsóknir skulu sendar til  
Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24,  
108 Reykjavík eða á netfangið  
[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eigi síðar en 12. janúar 2011.

Sjá nánari upplýsingar um Umhverfisstofnun á [umhverfisstofnun.is](http://umhverfisstofnun.is)

**NJÓTUM UMHVERFISINS OG STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN**



# Öflugir liðsmenn óskast!

Arctic Trucks óskar eftir að ráða öfluga liðsmenn í áhugaverð og krefjandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Um er að ræða störf bæði á Íslandi og í Noregi. Konur eru hvattar til að sækja um!

## Þróunardeild - tvö störf, staðsett á Íslandi

### Starfssvið

- Hönnun á breytingum, íhlutum og greining á þeim
- Burðarþolsgreining, prófanir og hönnun á lausnum
- Vinna með birgjum við hönnun og þróun á íhlutum og þjónustu
- Verkefnastjórnun
- Gerð kostnaðar- og verkáætlana
- Náið samstarf við framleiðsludeildir varðandi greiningu, framkvæmd og afhendingu verkefna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðimenntun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af áætlanagerð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku, ensku og norðurlandamáli

## Gæðastjóri - staðsettur í Noregi

### Starfssvið

- Ábyrgð á þróun og rekstri gæðakerfis byggðu á ISO9001
- Stefnumótun og áætlanagerð tengd gæðamálum
- Rekstur og dagleg umsjón gæðakerfa
- Upplýsingagjöf og fræðsla um gæðamál
- Náið samband við yfirstjórn, framleiðslu- og söludeildir varðandi framkvæmd og afhendingu verkefna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræðimenntun eða önnur menntun tengd gæðakerfum
- Reynsla af rekstri gæðakerfa
- Góð þekking á bilum æskileg
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Sveigjanleiki og frumkvæði
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku, ensku og norðurlandamáli

## Framleiðsludeild - staðsett í Noregi

### Starfssvið

- Framleiðsla á breytingum
- Smiði íhluta og frumgerða við hönnunarverkefni
- Náið samstarf við tækni- og söludeildir varðandi greiningu, framkvæmd og afhendingu verkefna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Íönnmenntun á vélasviði, t.d. vélsmíði, bifvélavirkjun, bifreiðasmíði eða sambærilegt.
- Vélfræðimenntun, rafvirkjun eða rafeindavirkjun kemur einnig til greina.
- Reynsla af framleiðslu
- Góðir samskiptahæfileikar og frumkvæði
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku, ensku og norðurlandamáli

Nánari upplýsingar veitir Hallveig Andrésdóttir í síma 540 4911, netfang hallveig@arctictrucks.is. Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila á netfangið umsokn@arctictrucks.is eða á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 3.

**Umsóknarfrestur er til 30. desember 2010**

Arctic Trucks breytir jeppum til notkunar við ólíkar og krefjandi aðstæður, allt frá hefðbundnum fjölskyldubílum til sérútbúinna bíla til notkunar við friðargæslu eða á heimskautasvæðum. Arctic Trucks er með starfsstöðvar á Íslandi, í Noregi og í Dubai UAE, auk samstarfsaðila í fleiri löndum. Starfsemi Arctic Trucks er í örum vexti en í dag eru starfsmenn um 60 talsins.

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | [www.arctictrucks.is](http://www.arctictrucks.is)



# ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

## STEYPUSTÖÐVARSTJÓRI

ÍSTAK óskar eftir að ráða steypustöðvarstjóra til starfa við jarðgangaframkvæmdir á Íslandi og í Noregi.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sam-bærilegum störfum og gott vald á minnst einu norðurlandamáli.

Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.

Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar [www.istak.is](http://www.istak.is).

## Fasteignir

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

F A S T E I G N A S A L A N

# MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)



## GÓÐ EIGN ÓSKAST KEYPT Í LAUGARÁS/TEIGAHVERFI – BEIN KAUP

Erum að leita að góðri eign í nágrenni Laugardalsins í Reykjavík fyrir öruggan kaupanda. Einbýlishús helst 180-300 fm. **Áhugasamir hafi samband við Halldór Inga Andrésson, löggiltan fasteignasala, í síma 897 4210 eða [halldor@miklaborg.is](mailto:halldor@miklaborg.is)**

## 6-10 ÍBÚÐA FJÖLEIGNAHÚS

Erum að leita að nýlegu fjöleignahúsi á Stór Reykjavíkursvæðinu fyrir öruggan kaupanda.

**Áhugasamir hafi samband við Halldór Inga Andrésson, löggiltan fasteignasala, í síma 897 4210 eða [halldor@miklaborg.is](mailto:halldor@miklaborg.is)**

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

F A S T E I G N A S A L A N

# MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)

## Íbúðarhúsnæði óskast til leigu!

Óskum eftir húsnæði til leigu á svæði 101...108, 170 eða 200...203 fyrir starfsmann alþjóðastofnunar. Eignin þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Gott aðgengi fyrir fatlaða
- Tvö baðherbergi, lágmark.
- 4-5 svefnherbergi
- Laus til afhendingar í byrjun næsta árs
- Leigutími 12 mánuðir
- Einbýli, rað og parhús koma til greina. Stór íbúð eða hæð verður skoðað.

Leiguverð á mánuði er allt að 450.000 þúsund fyrir rétta eign. Nánari upplýsingar veitir Óskar R. Harðarson löggiltur fasteignasali í síma 661-2100.



stofus  
agerstörf  
Verslunarstörf  
ldsstörf  
ifstofust

HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

### ■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

### ■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavininn okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

### ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

### ■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

### ■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

### ■ Sanngjarnt verð

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhlíða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)

» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)

# www.vinna.is





## Mentor - Alþjóðlegt fyrirtæki í örum vexti

Hjá fyrirtækinu starfa 43 einstaklingar í þremur löndum.  
Á Íslandi starfa 22 starfsmenn og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda.

**Við leitum að öflugum fólki í eftirfarandi störf:**


### Hugbúnaðarsérfræðingar

Mentorkerfið er smíðað í ASP.NET C# ofan á Oracle gagnagrunn. Unnið er eftir Agile hugmyndafræði í tveggja vikna sprettum. Helstu verkefni felast í smíði nýrra eininga í Mentor ásamt aðlögun núverandi eininga.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- ▶ Þekking og reynsla af ASP.NET og C#
- ▶ Gott vald á ensku (töluðu og rituðu máli)
- ▶ Samskiptahæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Forritarar Mentors eru 15 talsins og eru miklir keppnismenn, hvort sem er í leik eða starfi. „Work hard, play hard“ stefnan er í hávegum höfð og því ekki verra að umsækjandi hafi áhuga á pílu, foosball eða öðrum krefjandi leikjum. Nýjar hugmyndir fyrir leikjanefndina eru einnig vel þegnar, allt fyrir góðan vinnuanda á góðum vinnustað.



### Fjármálastjóri

Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af rekstri og fjármálastjórn. Í byrjun er um hlutastarf að ræða en hlutfallið eykst samhliða vexti fyrirtækisins á næstu árum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- ▶ Reynsla af rekstri og fjármálastjórn skilyrði
- ▶ Ábyrgð á fjármálalegri stjórnun og bókhaldi
- ▶ Skýrslu- og áætlanagerð
- ▶ Kostnaðareftirlit og samningagerð
- ▶ Frumkvæði, metnaður og skipulagshæfileikar
- ▶ Viðkomandi verður að hafa mjög góð tök á ensku bæði í töluðu og rituðu máli

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á: [starf@mentor.is](mailto:starf@mentor.is) fyrir 31.12.2010



mentor

### Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.

Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent





# Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálpi Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Pósturinn kemur pökkum utan af landi til skila endurgjaldslaust, þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla

**BYLGJAN**  
.....989

 Smáralind

 PÓSTURINN  
allur pakkinn